Sigfríður Jónsdóttir (1915-1995), húsfreyja, Hrísey og
Vera Sigurðardóttir (1940- )

Afhending 2023/72

Sigfríður Guðrún Jónsdóttir fæddist 9. apríl 1915 á í Neðri-Sandvík í Grímsey. Foreldrar hennar voru Ermenga Frímannsdóttir (f. 22.8.1893, d.9.12.1928) og Jón Sigurðsson (f. 27.3.1878, d. 22.3.1961.) Fjölskyldan flutti sig að Eiðum og þar ólst Sigríður upp. Hún var elst fjögurra systra. Móðir Sigfríðar lést úr berklum þegar Sigfríð var 13 ára.

18 ára hóf Sigfríður störf sem línustúlka hjá Birni Jörundssyni í Hrísey þar sem hún kynntist verðandi eiginmanni sínum Birni Jörundssyni Ólasyni (f. 14.8.1912, d. 18.3.1991). Þau giftu sig 21. nóvember 1940.

Þau hófu búskap á Selaklöpp í Hrísey og áttu þar heimili sitt alla tíð. Þau eignuðust þrjú börn, tvo syni og eina dóttur. Einnig ólu þau upp systurson Sigfríðar frá því að hann var 10 ára gamall.

Sigfríður sinnti heimilishaldinu, hugsaði um tengdaafa sinn sem var blindur um 16 ára skeið og vann utan heimilisins. Auk þessa lék hún með leikfélaginu á staðnum og söng í kirkjukórnum.

Sigfríður lést 21. mars 1995

Vera Sigríður Sigurðardóttir er fædd 29. september 1940 í Núpskötlu en uppalin á Oddsstöðum á Melrakkaslettu, N-Þingeyjarsýslu.
Vera er tengdadóttir Sigfríðar og Björns, gift syni þeirra Óla Friðbirni Björnssyni (f. 28.4.1941).

Foreldrar Veru voru Sigurður Finnbogason (f. 21.9.1916, d. 14.6.1981) og Borghildur Pétursdóttir (f. 12.6.1917, d.2.12.1992).

Afhendingin barst frá Veru Sigríði Sigurðardóttur og er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndurum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
25. mars 2025

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|

## A-Sigfríður Jónsdóttir og Vera

### A-Sigfríður Jónsdóttir og Vera Sigurðardóttir 1961 - 1998

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|
| A | 1 | 1 | 1961 - 1994 | Leikskrár frá: Leikfélagi Akureyrar; Leikdeild U.M.F.M.; Leikfélagi Dalvíkur; U.M.F.S.;Leikflokki KA; Leikkúbbnum Kröflu, Hrísey; Leikfélagi Húsavíkur; Leikfélagi Ólafsfjarðar; Leikfélagi Siglufjarðar; Leikfélaginu Vöku, Grýtubakkahreppi.<br>Söngskrár frá: Samkór Árskógsstrandar; Sinfóníuhljómsveit Íslands með tónleika í Íþróttahöllinni á Akureyri. |
| A | 1 | 2 | 1997 - 1998 | Karrinn - Fréttabréf Hríseyjarhrepps. |
| A | 1 | 3 | 1980 - 1986 | Orðsending frá Aðalbjörgu Guðgeirsdóttur; framboð Guðlaugs Þorvaldssonar - kynningarbæklingur; dagskrá fyrir fjölskylduguðsþjónustu í Hrísey (óárss,) |